



Ísafirði, 31. maí 2019.

Garðabær - gardabaer@gardabaer.is
Hafnarfjarðarkaupstaður - hafnarfjordur@hafnarfjordur.is
Kjósarhreppur - kjos@kjos.is
Kópavogsbær - kopavogur@kopavogur.is
Mosfellsbær - mos@mos.is
Seltjarnarneskaupstaður - postur@seltjarnarnes.is

Efni: Hófleg gjaldtaka til að draga úr notkun negldra hjólbarða.

Með erindi þessu er vakin athygli á skoðanakönnun sem fylgir í viðhengi og Gallup vann fyrir Samgöngufélagið dagana 3. til 13. maí sl. þar sem leitað var eftir afstöðu til spurningarinnar: Hversu hlynntur eða andvígur ertu hóflegri gjaldtöku fyrir notkun nagladekkja á höfuðborgarsvæðinu?

Af þeim 818 sem svöruðu voru 42% hlynnt heimild til gjaldtöku en 40% andvíg en 18% voru hvorki með eða móti. Skipting eftir búsetu var þannig að af skráðum íbúum í Reykjavík voru 44% hlynntir en 39% andvígir. Í **nágrannasveitarfélögum Reykjavíkur voru 48% hlynntir en 37% andvígir**. Utan höfuðborgarsvæðisins voru 34% hlynntir en 44% andvígir. Sérstaka athygli vekur hversu hátt hlutfall svarenda í nágrannasveitarfélögum Reykjavíkur eru hlynntir sérstakri gjaldtöku.

Þótt vissulega auki nagladekk öryggi við sérstakar aðstæður verður að telja notkun þeirra á höfuðborgarsvæðinu langt úr hófi fram með öllum þeim ókostum sem því fylgja, þ.e. loftmegnun af völdum svifryks og tjöruagna, slits á götum og hávaða. Samkvæmt [upplýsingum á vef Reykjavíkurborgar](#) var hlutfall ökutækja á negldum hjólbörðum 16. apríl sl. 31% og hafði þá lækkað úr 46% frá 1. mars sl. Lítið hefur gengið að fækka ökutækjum á negldum hjólbörðum og sýnir reynsla Norðmanna að fátt annað en gjaldtaka dugir til þess.

Á Alþingi hefur [frumvarp til umferðarlaga](#) verið til meðferðar og var við afgreiðslu umhverfis- og samgöngunefndar 24. þ.m. ekki fallist á að gert yrði ráð fyrir að sveitarfélögin fengju heimild til gjaldtöku eins og meirihluti íbúa höfuðborgarsvæðisins sem afstöðu tók er á. Verður að telja þessa afgreiðslu mjög miður og í andstöðu við vilja meirihluta íbúa höfuðborgarsvæðisins auk þess sem gert er ráð fyrir heimild sveitarfélögunum til handa til gjaldtöku í áætlun ríkisstjórnarinnar um loftgæði fyrir Ísland „[Hreint loft til framtíðar](#)“ sem út kom í nóvember 2017. Er í áætluninni kveðið á um að samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið vinni frumvarp til laga þar sem kveðið verði á um heimild til gjaldtöku fyrir árslok 2022 vegna nagladekkja með það að markmiði að draga úr notkun þeirra.

Væri vel þegið ef sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu, önnur en Reykjavíkurborg, sem þegar hefur markað skýra stefnu, tækju afstöðu til þessa málefnis þannig að hún liggi fyrir við frekari vinnu við að reyna að draga úr notkun nagladekkja á höfuðborgarsvæðinu.

Bent skal á að á vef Samgöngufélagsins [hér](#) er að finna glærur frá fyrirlestrum sem haldnir voru á málþingi Samgöngufélagsins í apríl sl. undir heitinu „Á að heimila gjaldtöku af notkun nagladekkja á höfuðborgarsvæðinu?“ þar sem m.a. er fjallað um reynslu Norðmanna í þessum efnum.

F.h. Samgöngufélagsins



Jónas Guðmundsson
fyrisvarsmaður

Samrit pósts:

Reykjavíkurborg - upplýsingar@reykjavik.is

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu - ssh@ssh.is